



Lífeyrissjóðir græða á verðbólgu

Verðtryggðar eignir lífeyrissjóðanna jukust um 30 milljarða króna í mars frá febrúarmánuði. Munar þar mestu um 1,6 prósentu hækkun vísitölu neysluverðs í febrúar síðastliðnum. Greining Íslandsbanka fjallaði um þetta á vef sínum í vikunni og var þar meðal annars vitnað í nýjar tölur Seðlabankans yfir eignir lífeyrissjóðanna. Samkvæmt þeim nam hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris 2.474 milljörðum króna í lok mars. Eign sjóðanna í íbúðabréfum og öðrum ríkistryggðum íbúðaskuldabréfum hækkaði um tæpa 15 milljarða króna sem jafngildir 2,3 prósentu aukningu í mánuðinum. Sjóðirnir virðast því einnig hafa bætt nokkuð við íbúðabréfaeign sína í mánuðinum. Þá jókst virði sjóðfélagalána um 1,6 prósent í mánuðinum, en lífeyrissjóðirnir lána eingöngu verðtryggð lán til sjóðfélaga.

Frá marsmánuði 2012 til síðastliðins marsmánaðar jókst hrein eign lífeyrissjóða um 11,8 prósent í krónum talið. Raunaukning eigna, að teknu tilliti til verðbólgu, var 7,6 prósent. „Raunávöxtun eigna sjóðanna var hins vegar nokkru minni að jafnaði, enda endurspeglar eignaukningin að einhverju leyti nettóinnflæði vegna þess að iðgjaldgreiðslur eru talsvert hærri en lífeyrisgreiðslur að viðbættum úttektum séreignarsparnaðar. Þó verður ekki annað séð en að fyrsti fjórðungur ársins byrji ágætlega hjá sjóðunum, en flestir þeirra skilðu raunávöxtun talsvert umfram 3,5 prósent tryggingafræðilegt viðmið árið 2012 í fyrsta sinn frá hruni. Hins vegar gæti farið að draga úr ávöxtun eigna sjóðanna á næstunni, enda er ávöxtunarkrafa skuldabréfa á markaði tiltölulega lág og óvíst hvort sami kraftur verði áfram í hækkun hlutabréfaverðs og verið hefur undanfarið ár,“ segir í frétt Greiningar um málið.

